**UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ**
*Vonarstræti 4, 150 Reykjavík, Kt. 571189-1519, Sími 560 9600, Grænt nr. 800 6960, Bréfsími 562 4566*

Umhverfisnefnd Alþingis
Ólafur Örn Haraldsson, formaður
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 /118
komudagur 20 /11 1996

*Tilvísun*
95080125

*Dagsetning*
14.11.1996
IS/si

./. Í framsöguræðu Guðmundar Bjarnasonar, umhverfisráðherra, er hann mælti fyrir frumvarpi til skipulags- og byggingarlaga á Alþingi 4. þ.m. kom fram að líta þyrfti betur á ákvæði frumvarpsins varðandi skilgreiningu á gjaldstofni skipulagsgjalds, sérstaklega með hliðsjón af þeim mannvirkjum sem ekki eru metin til brunabóta og ætlunin er að meta með hliðsjón af endurstofnverði. Sama gildir um ákvörðun um gjalddaga og lagaskil. Í ræðu sinni boðaði ráðherra að hann mundi senda nefndinni athugasemdir fjármálaráðuneytisins sem bárust því í síðasta mánuði. Fylgir erindi fjármálaráðuneytisins hér með.

Þess er farið á leit að sérfræðingar fjármálaráðuneytisins og eftir atvikum Ríkisskattstjóri verði kallaðir til skrafs og ráðagerða í tengslum við ofangreind atriði.

F. h. r.

Afrit: Fjármálaráðuneytið, Bragi Gunnarsson.

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Dagsetning | Tilvísun

10. október 1996 | BG

Hr. Guðmundur Bjarnason
umhverfisráðherra
Vonarstræti 4
**150 REYKJAVÍK**

0012
9508025

14. OCT 96

Eins og yður er kunnugt um hefur fjármálaráðuneytið komið á framfæri við ráðuneyti yðar athugasemdum við fyrirhugaðar breytingar á skipulagsgjaldi, eins og þær eru settar fram í frumvarpi til laga um skipulags- og byggingarlög, sem þér hyggist leggja fram á Alþingi innan tíðar. Athugasemdir þessar hafa fyrst og fremst lotið að skilgreiningu á gjaldstofni, ákvörðun gjalddaga og lagaskil. Þess er hér með farið á leit við yður að þér hlutist til um nauðsynlegar breytingar á lagafrumvarpinu til samræmis við framkomnar athugasemdir fjármálaráðuneytisins.

Verði þess óskað munu sérfræðingar fjármálaráðuneytisins og eftir atvikum ríkisskattstjóra vera reiðubúnir að veita aðstoð við nauðsynlegar breytingar.

F.h.r.

Magnús Pétursson

Bragi Guðmundsson

PÓSTFANG 150 REYKJAVÍK | AÐSETUR ARNARHVOLI | SÍMI 560 9200 | BRÉFSÍMI 562 8280 | KENNITALA 550169 - 2829

*Friðrik Sophusson*
*fjármálaráðherra*

0012
96090104

2. október 1996

0 4. OCT

**Til Guðmundar Bjarnasonar umhverfisráðherra**
**Frá Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra**

Í sl. viku átti lögfræðingur fjármálaráðuneytisins fund með Ingimari Sigurðssyni, lögfræðingi umhverfisráðuneytisins, um skipulagsgjald. En ákvæði eru um það í frumvarpi til laga um skipulags- og byggingarlög. Var niðurstaða fundarins að ákvæði frumvarpsins um skipulagsgjald yrði sérstaklega skoðað af lögfræðingum fjármálaráðuneytisins.

Niðurstaða lögfræðinga fjármálaráðuneytisins liggur nú fyrir og er það mat þeirra að ekki sé hægt að leggja frumvarpið fram óbreytt að því er varðar skipulagsgjaldið.

Helstu annmarkar 37. gr. frumvarpsins lúta að þeirri grundvallarbreytingu að breikka gjaldstofninn þannig að hann miðist við "mannvirki" í stað "nýbygginga" eins og er samkvæmt gildandi lögum. Í frumvarpinu er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu, hvorki í lagatextanum né í greinargerð með frumvarpinu. Samkvæmt upplýsingum frá Ingimar er ljóst að gert er ráð fyrir að hugtakið "mannvirki" nái til allra mannvirkja og koma því til með að falla undir það brýr, hafnir, vegir, flugvellir, línur og lagnir.

Samkvæmt frumvarpinu á skipulagsgjaldið að reiknast sem tiltekið hlutfall af brunabótavirði mannvirkis. En í þeim tilvikum þegar slíkt mat liggur ekki fyrir skuli miðað við endurstofnverð mannvirkis. Kjarni málsins er sá að endurstofnverð er ekki til fyrir brýr, hafnir, vegi, flugvelli, línur og lagnir. Engin opinber aðili heldur sérstaklega utan um slíkt verð. Ef ætlunin er að fara út í skattlagningu af þessu tagi verður að skilgreina með hvaða hætti ákveða á slíkt endurstofnverð. Setja verður um það hlutlægar reglur sem þannig fullnægja þeim kröfum sem að skattarétti verður að gera til skattlagningarheimilda. Jafnframt þarf skýr ákvæði hvenær gjalddagi skipulagsgjalds er í slíkum tilvikum.

Í ákvæðinu er ekkert kveðið á um hvenær skattskyldan verður virk að því er varðar mannvirki sem ekki eru metin til brunabótavirðis. Ekki er heldur kveðið á um lagaskil. Á t.d. að taka skipulagsgjald af mannvirkjum sem byrjað er að reisa, eins og Hvalfjarðargöngum. Vel má hugsa sér mannvirki sem eru við það að klárast þegar frumvarpið verður að lögum. Nauðsynlegt er að kveða á um lagaskil.

Þá er ósvarað þeirri spurningu hvort og þá hvernig eigi að haga gjaldtöku af endurbótum, sbr. t.d. þegar vegakafli er byggður upp ofan í gamla veg o.s.frv.

Þá verður að kveða skýrt á um álagningaraðilann, þannig að ljóst sé í hvaða farveg ágreiningsmál eiga að fara. Reyndar er galli á gildandi lögum að þessu leyti og hefur verið rætt um að gera þurfi bragabót á lögunum að því leyti.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið er lagt til að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á 37. gr. frumvarpsins áður en frumvarpið verður lagt fram á Alþingi.

P.S. Sendi Valgerði og Geir ljóstrit til upplýsingar.